

Stiklað á stóru um tengsl Háskóla Íslands og Náttúruminjasafns Íslands

Hilmar J. Malmquist/tekið saman í maí 2015

Hugmyndir um formlegt samstarf og tengsl Háskóla Íslands og Náttúruminjasafn Íslands og forvera safnsins hafa lengi verið til umræðu, allt frá öndverðri 20. öld. Auk Háskólans og Náttúruminjasafnsins hefur Reykjavíkurborg verið aðili að málinu í ófá skipti. Í þessu sambandi hefur lengst af verið horft til nýbyggingar á náttúrufræðihúsi, fyrst í miðbæ Reykjavíkur en síðar á Háskólasvæðinu. Í nokkur skipti hefur nánast allt verið til reiðu til að hefja framkvæmdir. En allt hefur komið fyrir ekki. Á sjötta áratugnum strandaði verkefnið í nokkur skipti á útgáfu fjárfestingarleyfis og á tíunda áratugnum gekk stjórnarþingmaður úr skaftinu. Það er fyrst á þessari öld sem hugmyndir um samstarf Háskóla Íslands og Náttúruminjasafnsins verða að veruleika, en nýlega var gerður samningur um rannsóknasamvinnu við Líf- og umhverfísíndadeild Háskóla Íslands og annar slíkur samningur er í smíðum við Félags- og mannvísindadeild Háskólans.

Söguna um tengsl Háskólans og Náttúruminjasafnsins má rekja m.a. í geinargerðum opinberra nefnda og samstarfshópa sem skipaðir hafa verið til að fjalla um samstarf þessara aðila í tengslum við byggingu safnahúss og sýningahald á sviði náttúrufræða.

Forverar Náttúruminjasafns Íslands

Náttúruminjasafn Íslands á rætur að rekja til Hins íslenska náttúrufræðifélags, líkt og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað 1889 en eitt meginmarkmið félagsins hefur verið að koma upp sýningu í náttúrufræðum fyrir þjóðina. Félagið átti og rak náttúrufræðisafn og stóð fyrir sýningahaldi í hartnær 60 ár (1889–1947), lengst af (1908–1947) með sýningaraðstöðu í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Árið 1947 gaf félagið ríkinu safnkost sinn ásamt byggingarsjóði, bókum, skjölum o.fl., en frá 1926 hafði ríkið greitt laun starfsmanna þess og útvegað félaginu húsnæðið í Safnahúsinu endurgjaldslaut.

Í kjölfarið á yfirtöku ríkisins á náttúrugripasafninu var Náttúrugripasafn Íslands stofnað með lögum árið 1951. Sú stofnun sinnti sýningahaldi í Safnahúsinu frá 1947 til 1960 þegar hún flutti á Hlemmtorg. Á Hlemmi var ný sýning opnuð 1967, en þá í nafni Náttúrufræðistofnunar Íslands sem varð til árið 1965 við breytingu á lögnum um Náttúrugripasafn Íslands. Sýningahald á Hlemmi fór fyrst fram í liðlega 100 m² sal á 3. hæð en árið 1989 bættist við 100 m² salur á 4. hæð. Við endurskoðun laga um Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1992 var skylda stofnunarinnar til að koma upp sýningarsafni afnumin. Náttúrufræðistofnun sinnti þó sýningahaldi á Hlemmi fram á vor 2008 þegar sýningunni var lokað.

Vorið 2007, ári áður en sýningu Náttúrufræðistofnunar var lokað á Hlemmi, var Náttúruminjasafn Íslands sett á laggirnar og þeirri stofnun ætlað það metnaðarfulla hlutverk að vera höfuðsafn á sviði náttúrufræða og annast fræðslu og sýningahald. Reyndar var kveðið á um sýningahlutverk Náttúruminjasafns Íslands strax í Safnalögum sem tóku gildi árið 2001, en Náttúruminjasafnið var stofnað með setningu sérlaga vorið 2007.

Á þeim níu árum sem liðin eru frá stofnun Náttúruminjasafnsins hefur safnið hins vegar hvorki haft bolmagn til að standa að sýningahaldi á eigin vegum né hefur það haft yfir eigin sýningaraðstöðu að ráða.

Hlutverk höfuðsafsins

Náttúruminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna landsins, auk Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, og starfar samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og Safnalögum nr. 141/2011.

Um hlutverk Náttúruminjasafnsins segir m.a. í Náttúruminjasafnslögum (2. gr.):

„Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu.

Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.“

Loftskeytastöðin

Frá árinu 2010 hefur Náttúruminjasafnið haft skrifstofuaðstöðu í Loftskeytastöðinni að Brynjólfsgötu 5, í miðju háskólahverfinu. Húsið leigði Náttúruminjasafnið af Þjóðminjasafninu til 1. mars 2015 þegar Háskólinn tók við yfirráðum hússins. Húsaleigusamingurinn rennur úr gildi í lok júlí n.k.

Náttúruminjasafnið hefur alla Loftskeytastöðina á leigu, um 280 m². Þar starfa um þessar mundir tveir starfsmenn safnsins, hvor í sínu herbergi á 1. hæð, auk samstarfsaðila sem eru 6–8 talsins og hafa þeir aðstöðu í kjallara hússins, en þar eru fimm herbergi, kaffiaðstaða, geymsla og rannsóknakyttra fyrir votvinnu. Á 1. hæð eru auk herbergjanna tveggja rúmgóð fundaraðstaða, prentherbergi, snyrting og bóka- og tímaritakrúkur. Aðalinngangur í húsið er á 1. hæð. Reiknistofnun Háskóla Íslands hefur séð um alla tölvuþjónustu Náttúruminjasafnsins, þ.m.t. hýsingu á heimasíðu safnsins.

Samstarf við Háskóla Íslands

Margvísleg rök hníga að nánú samstarfi milli Háskóla Íslands og Náttúruminjasafns Íslands:

- ✓ Í Háskólanum eru stundaðar grunnrannsóknir á náttúru Íslands og í safnafræðum á breiðum grundvelli sem aðrar rannsóknastofnanir sinna ekki. Þessar rannsóknir eru nauðsynlegar fyrir starfsemi Náttúruminjasafnsins. Náttúruminjasafnið býr yfir mannauði og safnkosti sem gagnlegur er fyrir rannsóknir og kennslu í Háskólanum.
- ✓ Náíð samstarf við Háskólann er æskilegt fyrir Náttúruminjasafnið vegna mikilvægis akademískrar nálgunar í efnistöku sýningarhalds og við miðlu á fróðleik og þekkingu um náttúruna.
- ✓ Bæði Háskólinn og Náttúruminjasafnið hafa ríkum skyldum að gegna við miðlu á fróðleik um náttúru, en með ólíkum hætti þó. Upplýsingamiðlu Náttúruminjasafnsins byggist í meira mæli á sýningarhaldi og almenningsmiðari upplýsingaveitu en Háskólinn beinir kröftum sínum á þessu sviði meira að hinu akademíska fræðasamfélagi.
- ✓ Þegar hefur verið efnit til samstarfs milli Háskólans og Náttúruminjasafnsins og er mikilvægt að halda þeim tengslum og auka við þau. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Líffræðistofu um rannsóknir á forndýrfræði rostunga og í burðarliðnum er samstarfssamningur við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands um samstarf á sviði safnfræða í Félags- og mannvísindadeild. Framlag Náttúruminjasafnsins felst einkum í að útvega aðstöðu í Loftskýtastöðinni og viðfangsefni, m.a. náttúrumuni, aðgang að vísinda-söfnum og gagnagrunnum. Háskólinn leggur til mannauð með þátttöku nema og fræði-manna og í sumum tilfellum einnig tæki og rannsóknnaðstöðu. Vinna í báðum verkefnum er hafin.
- ✓ Náttúruminjasafnið á í samstarfi við aðra aðila sem einnig eiga í samstarfi við Háskólann á skyldum sviðum. Hér má nefna rannsóknasamstarf við Hólaskóla, Háskólann á Hólum um líffræðilegan fjölbreytileika á Íslandi. Einnig má nefna samstarf Náttúruminjasafnsins við Sigrúnu Helgadóttur líffræðing og rithöfund. Sigrún fæst við að rita ævisögu Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings en hann átti langan og farsælan starfsferil við Háskóla Íslands, auk þess að vera formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags um tíma. Sigrún er sjálfstætt starfandi og hefur vinnuaðstöðu í Loftskýtastöðinni.

Háskólinn og safnamálin 1889–1930

Hið íslenska náttúrufræðifélag var lengst af á hrakhólum með starfsemi sína. Fyrstu 20 árin flutti félagið með safnið sex sinnum í miðbæ Reykjavíkur. Árið 1908 fékk félagið inni á 1. hæð í hinu nýreista Safnahúsi við Hverfisgötu (síðar kallað Þjóðmenningarhús þar til í fyrra að það fékk gamla nafnið á ný). Þar var safnið til 1960. Auk náttúrugripasafnsins voru í Safnahúsinu Landsbókasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

Fljótlega þrengdi að söfnunum í Safnahúsinu og um 1917 amaðist landsbókavörður t.a.m. við Náttúrugripasafninu. Um svipað leyti, eða árið 1924, kynnti Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, hugmyndir sínar um „Háborg íslenskrar menningar“ en þar skipa veglegan sess háskólastofnanir og Safnahús sem hýsa átti Listasafn Íslands, Náttúrugripasafn og Þjóðminjasafn. (Morgunblaðið 29. janúar 1995).

Árið 1927 fór ríkisstjórnin að huga að því að byggja yfir náttúrugripasafnið og lagðar voru fram teikningar að byggingu við hliðina á Safnahúsinu við Hverfisgötu 15, þar sem Þjóðleikhúsið reis

síðar. Teikningarnar eru ártölusettar 1927 og undirritaðar af Einari Erlendssyni, aðstoðarmanni Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins (sjá 1. mynd hér aftast í skjalinu). Þess má geta að Einar teiknaði einnig Loftskæptastöðina. (<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/175170/>)(Morgunblaðið 29. janúar 1995).

Háskólinn og safnamálin 1940–1958

Þegar leið að fimmtugsafmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags voru byggingarmál safnsins aftur tekin upp, en ekki aðeins við stjórnvöld, heldur einnig leitað eftir samvinnu við Háskóla Íslands.

Hinn 18. febrúar 1942 skipaði stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags nefnd til að kanna möguleika á bættu húsnæði safnsins. Átti formaðurinn, Árni Friðriksson fiskifræðingur, mestan þátt í að leitað var samvinnu við Háskóla Íslands. Árangurinn varð sá, að háskólaráð samþykkti með bréfi 13. mars 1942 að heimila að hús fyrir náttúrugripasafnið verði reist á háskólalóðinni og að gert sé ráð fyrir að kennsla í náttúruvísindum og vísindaleg vinna geti farið fram í húsinu.

Árið 1943 sótti háskólarektor til Alþingis um framlengingu einkaleyfis háskólans til happdrættisreksturs og nefndi hann þar sem ástæðu m.a. að óbyggt sé hús yfir náttúrugripasafn. Umsóknin var samþykkt og var þá hafist handa um öflun gagna til reksturs safnsins og 1945 var Gunnlaugur Halldórsson ráðinn til að gera uppdrætti að byggingunni.

Skipuð var bygginganefnd 1946 með aðild Háskóla Íslands þar sem í ráði var að hann léti byggja hús yfir Náttúrugripasafnið fyrir ágóða af happdrætti skólans. Var lögunum um happdrætti háskólans breytt þannig að einkaleyfið var bundið því skilyrði að háskólinn byggði yfir náttúrugripasafnið.

Í ársbyrjun 1947 var undirbúningur byggingar vel á veg komin. Þann 16. júní 1947 afhenti Hið íslenska náttúrufræðifélag menntamálaráðuneytinu náttúrugripsafn sitt til eignar ásamt byggingarsjóði félagsins, bókum, skjölum o.fl. Gerður var samningur um gjöfina við menntamálaráðuneytið og tekið fram að byggingarsjóðurinn hafi verið myndaður til að reisa safninu nýtt hús. Í samningum skuldbindur ríkið sig til að að veita félaginu ókeypis aðstöðu í hinu nýja húsi, jafnt fyrir starfsemi stjórnar félagsins, geymslu á tímariti félagsins, Náttúrufræðingnum, og annarri útgáfu og kennslusal fyrir fræðsluerindi á vegum félagsins.

Árið 1948 var ekkert að vanbúnaði að hefja framkvæmdir við byggingu náttúrufræðisafnsins að undanskildu fjárfestingarleyfi frá Innflutningsskrifstofu ríkisins (hét áður öðrum nöfnum, þ. á m. Fjárhagsráð og Viðskiptaráð). Í leyfisumsókn 1948 til skrifstofunnar/ráðsins kom fram að búið væri að tryggja fé til að greiða allan byggingarkostnað, fyrir lægi samþykki Háskólans og ríkissjóðs, lóð fengin og allar teikningar og líkan af náttúrugripsaafninu væru tilbúnar. Byggingartími var áætlaður tvö ár. En allt kom fyrir ekki. Umsókn um fjárfestingarleyfi var hafnað 1948, 1952, 1954, 1955, í tvígang 1956 og loks 1958. Ekkert varð því af framkvæmdum. (Morgunblaðið 29. janúar 1995).

Teikningar af fyrirhuguðu „náttúrugripasafni Háskóla Íslands“ eftir Gunnlaug Halldórsson má sjá á heimasíðu Háskólans (<http://aldarafmaeli.hi.is/araturgur/1951-1960>). Þar eru fjórar myndir merktar árinu 1954 (sjá einnig 2. mynd hér aftast í skjalinu).

Háskólinn og safnamálin 1958

Háskóli Íslands leysti húsnæðisvanda Náttúrugripasafns Íslands til bráðabirgða með því að kaupa fyrir happdrættisfé heila hæð undir starfseminu við Hlemmtorg. Þetta var afráðið 1958 og húsið keypt 1960. Náttúrugripasafnið mun hafa flutt inn strax haustið 1959.

Á Hlemmi var Náttúrugripasafn Íslands, síðar Náttúrufræðistofnun Íslands, til húsa fram til ársins 2010, þegar starfsemin var flutt í nýtt skrifstofu- og rannsóknahúsnæði í Garðabæ. Á Hlemmi var staðið fyrir sýningahaldi 1967–2008, fyrst á einni hæð (113 m²) en annari hæð (100 m²) bætt við 1989 á aldar-afmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Kaup Háskólans á hæðinni við Hlemmtorg var ráðstöfun sem ætluð var til bráðabirgða meðan beðið væri eftir að reist yrði Náttúrufræðahús á háskólalóðinni.

Háskólinn og safnamálin 1985–87

Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra skipaði haustið 1985 nefnd til að vinna að undirbúningi á byggingu náttúrufræðisafns. Nefndarskipanin kom í kjölfarið á þingsályktunartillögu sem flutt var af tíu þingmönnum úr öllum flokkum, þar sem skorað var á Alþingi að hraða byggingu nútímalegs náttúrufræðisafns í Reykjavík.

Nefndin skilaði af sér í árslok 1987 og þar var lagt til að náttúrufræðisafnið verði sjálfseignarstofnun í eigu ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Ekki tókst full samstaða um málið í nefndinni.

Háskólinn og safnamálin 1989–1990/ NNN-nefndin

Á 100 ára afmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags árið 1989 skipaði Svavar Gestsson menntamálaráðherra nýja nefnd 13. júní til að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um náttúrufræðisafn og Náttúrufræðistofnun Íslands, og kanna möguleika á samkomulagi um byggingu náttúrufræðihúss á höfuðborgarsvæðinu og athuga stöðu náttúrugripasafna í öðrum landshlutum.

Í nefndinni sátu af hálfu Háskólans prófessor Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur og síðar rektor Háskólans og Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasufræðingur.

Í september 1989 fóru fram viðræður við borgarstjórn Reykjavíkur og Sigmund Guðbjarnason rektor Háskóla Íslands um aðild Reykjavíkurborgar og Háskólans að Náttúruhúsi. Nefndin lagði áherslu á að hið fyrsta verði stofnað undirbúningsfélag með þessum aðilum um Náttúruhús.

Nefndin skilaði bráðabirgðaálit 29. september 1989. Annars vegar frumvarpi til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og hins vegar skýrslu um Náttúruhús í Reykjavík. Full samstaða tókst um þessar tillögur (Hjörleifur Guttormsson o.fl. 1990).

Meginatriði í tillögum nefndarinnar varðandi Náttúruhús voru að eigendur ...,verði ríki, Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og e.t.v.fl. Í Náttúruhúsi verði Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík og Náttúrusafn í Reykjavík í nánu sambýli við rannsóknir og kennslu Háskólans á sviði líffræði og jarðfræði. Milli þeirra og Hringbrautar yrði friðland til að vernda fuglalíf og aðrennsli vatns í Tjörnina. Þessar byggingar verði í Vatnsmýri austan Norræna hússins.“

Háskólinn og safnamálin 1990–1992/Samstarfshópur um byggingu Náttúruhúss

Að tilhlutan Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra, Davíðs Oddssonar borgarstjóra í Reykjavík, Sigmundar Guðbjarnasonar rektors Háskóla Íslands og Svavars Gestssonar menntamálaráðherra var í desember 1990 komið á fót samstarfshópi um byggingu Náttúruhúss í Reykjavík.

Af hálfu Háskóla Íslands voru tilnefndir í samstarfshópinn þeir próf. Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur og próf. Örn Helgason eðlisfræðingur. Próf. Arnþór Garðarsson dýrafræðingur tók sæti Sveinbjörns í september 1991 þegar Sveinbjörn tók við embætti rektors Háskóla Íslands.

Samstarfshópurinn skilaði af sér áfangaskýrslu í júlí 1991 og lokaskýrslu í nóvember sama ár: *Skýrsla samstarfshóps um byggingu Náttúruhúss. Nóvember 1991. 71 bls.*

Meginniðurstöður samstarfshópsins voru m.a. eftirfarandi:

„Á árunum 1994–1998 verði reist Náttúruhús í eigu ríkis, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og hugsanlega fleiri aðila. Í Náttúruhúsi verði Náttúrusafn og setur Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík. Hið íslenska náttúrufræðifélag fái einnig aðsetur í Náttúruhúsi undir starfsemi sína.“

„Náttúruhús verði byggt í Vatnsmýrinni austan Norræna hússins nærri byggingum Háskólans fyrir rannsóknir og kennslu á sviði líffræði og jarðfræði.“

„Náttúrusafnið veiti almenningi, og þá einkum skólanemendum, fjölskyldum og ferðamönnum haldgott yfirlit yfir náttúru Íslands. Það verði í fremstu röð náttúrusafna í lýsingu á þeim þáttum sem gera náttúru Íslands sérstæða og styrki þannig í mynd Reykjavíkurborgar sem menningarborgar.“

„Í safninu fari fram kynningar á atvinnuvegum þjóðarinnar og þeim rannsóknum í landinu sem unnar eru á sviði raunvísinda. Eitt af meginatriðum safnsins verði því að leggja áherslu á samskipti mannsins við umhverfi sitt, áhrif hans á náttúruna til góðs og ills.“

„Safnið verði lifandi vettvangur umræðu um umhverfis- og náttúruvernd og skal rekin öflug fræðslustarfsemi til almennings á þessum sviðum. Safnið verði mikilvægur hlekkur í menntun skólanemenda í náttúrufræði Íslands og stuðli jafnframt að auknum áhuga þeirra á umhverfismálum.“

Undir álit samstarfshópsins tóku eftirfarandi aðilar innan Háskólans (sbr. fylgiskjöl með lokaskýrslunni árið 1991): Stefán Arnórsson formaður Jarð- og landfræðiskorar Háskóla Íslands, Ragnar Igmarsson formaður Starfsnefndar Háskólaráðs um nýbyggingar á vegum Háskóla Íslands, og Einar Árnason skorarformaður Líffræðiskorar Háskóla Íslands.

Undirbúningsfjárveiting vegna byggingaframkvæmda fór í fjárlagafrumvarp vegna ársins 1992, en þá hljóp snurða á þráðinn, stjórnarliði gekk úr skaftinu og fjárveitingin var strikuð út. Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands töldu að með því hefði ríkið sagt sig frá gerðu samkomulagi um stofnun og rekstur safnsins og samstarfið lagðist af.

Háskólinn og safnamálin frá hausti 2013

Eins og að framan greinir hefur Náttúruminjasafnið haft skrifstofuaðstöðu í Loftskýrtastöðinni síðan í mars 2010. Áður voru skrifstofur safnsins til húsa að Túngötu 14.

Núverandi forstöðumaður Náttúruminjasafnsins, dr. Hilmar J. Malmquist, tók við embættinu haustið 2013. Auk þess að vinna að sýningarmálum safnsins, einkum með Perluna í huga, hefur hann lagt áherslu á að festa skrifstofustarfsemi safnsins í sessi í Loftskýrtastöðinni. Litið er svo á að fast og tryggt skrifstofuaðsetur sé nauðsynlegt fyrir árangursríka og skilvirka starfsemi.

Fram til 2014 leigði safnið kjallarann í Loftskýtastöðinni og tvö herbergi á 1. hæð ásamt aðgangi að snyrtingu. Frá 2014 hefur Náttúruminjasafnið leigt allt húsið og notar það undir eigin starfsemi og fyrir samstarfsaðila sína, en þar á meðal eru Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum. Auk þess nýta húsið einkafyrirtækið RORUM ehf., sem er rannsókn- og ráðgjafafyrirtæki á sviði náttúrufræða og umhverfismála, og Sigrún Helgadóttir sem er sjálfstætt starfandi líffræðingur og rithöfundur.

Þar sem Náttúruminjasafnið hefur ekki haft úr miklu að spila hvað varðar fjárheimildir, eins og komið hefur fram nýlega í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar, hefur forstöðumaður farið þá leið til að styrkja starfsemi safnsins með eins konar vöruskiptum. Það felur í sér í hnotskurn að Náttúruminjasafnið býður samstarfsaðilum í sameiginlegum verkefnum endurgjaldslausu aðstöðu til rannsókna og fræðistarfa en fær í staðinn að nota niðurstöður og afrakstur í verkefnum til sýningahalds og/eða annarrar miðlunar á vegum safnsins án endurgjalds.

Helstu samstarfssamningar af þessu tagi sem Náttúruminjasafn Íslands hefur gert og/eða eru í burðarliðnum eru eftirfarandi:

- ✓ **5. september 2014.** Rammasamkomulag við Hólaskóla – Háskólann á Hólum. Megininntak samningsins er almenns eðlis og snýst um að hvetja til rannsókna- og verkefnasamstarfs milli stofnanna á sviði náttúrufræða og ferðamála. Ákvæði er í samningnum um starfsaðstöðu til handa nemum og fræðimönnum og aðgengi að gagnasöfnum.
- ✓ **4. desember 2014.** Verkefnasamkomulag við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Heiti verkefnis er *Líffræðileg fjölbreytni á Íslandi*. Meginmarkmið er að rannsaka á grundvelli heimildarvinnu gerð og eðli líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi. Rannsóknin á að veita yfirlit yfir líffræðilegan fjölbreytileika meðal helstu lífveruhópa í landinu með áherslu á hryggdýr, einkum fiska, fugla og spendýr. Verkefnisstjóri er próf. Skúli Skúlason og hefur hann aðstöðu í Loftskýtastöðinni ásamt sérfræðingi frá Hólaskóla. Náttúruminjasafnið veitir auk þess aðgang að gagnagrunnum sínum sem snerta verkefnið, sem og að gagnagrunnum systurstofnunar sinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, á grundvelli samkomulags þar að lútandi.
- ✓ **23. janúar 2015.** Samkomulag um samstarf við Líffræðistofu Háskóla Íslands um rannsókn á **fornlíffræði og sögu rostunga við Ísland**. Byggt er á gagnasafni rostungsbeina sem Náttúruminjasafnið á sjálft og hefur aðgang að hjá systurstofnuninni, Náttúrufræðistofnun Íslands. Safnkosturinn tekur til tanna, hauskúpa og fleiri beina sem fundist hafa hér á landi á undanförunum 100 árum eða svo. Elstu beinaleifarnar eru liðlega 2000 ára. Beita á svipfarsgreiningum og DNA-greiningum. Rannsóknarspurningar snúast einkum um innbyrðis skyldleika rostunga hérlendis og skyldleika þeirra við rostunga annars staðar við N-Atlantshaf. Verkefnið er hugsað sem meistaraverkefni og fengi viðkomandi aðstöðu í Loftskýtastöðinni. Verkefnisstjórar eru dr. Arnar Pálsson dósent og prófessor Snæbjörn Pálsson í samvinnu við Náttúruminjasafnið. C₁₄-aldursgreiningar eru þegar hafnar á hluta sýnaúrtaksins.
- ✓ **Óundirritað rammamkomulag við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.** Megininntak samningsins er almenns eðlis og snýst um að hvetja til rannsókna- og verkefnasamstarfs milli stofnanna á sviði náttúrufræða og safnamála. Ákvæði er í samningnum um starfsaðstöðu til handa nemum og fræðimönnum og aðgengi að gagnasöfnum. Meistaranevi í umsjá Sigurjóns B. Hafsteinssonar dósents í safnafræði hefur þegar hafið frumvinnu í verkefni. Ráðgert er að forseti Félagsvísindasviðs undirriti samkomulagið.

Til viðbótar þessum verkefnum skal bent á samstarf Náttúruminjasafnsins við Sigrúnu Helgadóttur, sem er, eins og áður segir, sjálfstætt starfandi líffræðingur og rithöfundur og fæst við ritun ævisögu Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings. Sigurður átti langan og farsælan starfsferil við Háskóla Íslands og var einnig deildarstjóri við Náttúrgripasafn Íslands. Sigrún hefur vinnuáðstöðu í Loftsklyttastöðinni.

Einnig ber að nefna nýlegt samstarf Náttúruminjasafnsins við Viðar Hreinsson sagnfræðing og rithöfund. Verkefni Viðars snýst um að varpa ljósi á náttúruskynjun og -skilning 17. aldar manna og eru verk og gerðir Jóns lærða Guðmundssonar í forgrunni þeirrar rannsóknar. Er bók í burðaliðnum og styður Náttúruminjasafnið m.a. við ritun og útgáfu bókarinnar.

Þá ber að geta þess að samningur er í gildi síðan 22. febrúar 2014 milli Náttúruminjasafnsins og Hins íslenska náttúrufræðifélags þar sem kveðið er á um sameiginlega útgáfu á Náttúrufræðingnum, tímariti félagsins og safnsins. Í samningnum eru m.a. ákvæði um að Náttúruminjasafnið veiti ritstjóra tímaritsins skrifstofuáðstöðu og stjórn félagsins og ritnefnd fundaraðstöðu í Loftsklyttastöðinni. Þá er afgreiðsla tímaritsins einnig til staðar í Loftsklyttastöðinni.

Helstu heimildir


Eyþór Einarsson. 1989. Náttúrufræðistofnun Íslands 100 ára. Ræða forstöðumanns á afmælishátíð 30. september 1989. Náttúrufræðingurinn 59 (3): 117–122.

Hjörleifur Guttormsson, Eyþór Einarsson, Jóhann Pálsson, Kristín Einarsdóttir, Sveinbjörn Björnsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Þórunn J. Hafstein. 1991. Náttúruhús í Reykjavík. NNN-nefnd. Menntamálaráðuneytið. Mars 1990. 20 bls.


Kristinn Sv. Helgason, Sveinn Jakobsson, Hjörleifur B. Kvaran, Þórður Þorbjarnarson, Sveinbjörn Björnsson, Arnþór Garðarsson, Örn Helgason og Álfheiður Ingadóttir. 1991. Náttúruhús í Reykjavík – Skýrsla starfshóps um byggingu Náttúruhúss nóvember 1991. Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands, Reykjavík. 72 bls.

Svavar Getsson. 1989. Hið íslenska náttúrufræðifélag 100 ára. Ræða menntamálaráðherra á afmælishátíð 1. október 1989. Náttúrufræðingurinn 59 (3): 129–132.

Morgunblaðið 29. Janúar 1995. (<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/175170/>).



1. mynd. „Náttúrugripasafnshús“, fyrirhugað við hliðina á Safnahúsinu við Hverfisgötu 15, þar sem Þjóðleikhúsið reis síðar. Teikning eftir Einar Erlendsson, aðstoðarmann Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins. Dagsett í janúar 1927.



2. mynd. Teikning Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts frá 1954 af fyrirhuguðu náttúrugripasafni Háskóla Íslands við hliðina á aðalbyggingu Háskólans.